



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Mosfellsbær
b.t. Lára Gunnarsdóttir

Pverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 14. júní 2022
MÍ202205-0084/ 6.08 / 5221

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Efni: Miðsvæði 401-M - aðalskipulagsbreyting

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst verkefnastjóra skipulagsmála Mosfellsbæjar frá 12. maí 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 fyrir miðsvæði 401-M. Með erindinu fylgdi uppdráttur unnin af umhverfissviði Mosfellsbæjar dagsett 23.03.2022.

Miðsvæði 401-M afmarkast helst af Vesturlandsvegi, Reykjavegi, Sunnukrika og Litlakrika. Breyting á aðalskipulaginu felur í sér að fastsetja og heimila uppbyggingu íbúða á efri hæðum verslunar- og þjónustubygginga innan miðsvæðis 401-M við Sunnukrika. Uppfærðar eru töflur sem fjalla um fjölda eigna ásamt lýsingu og skipulagsákvæðum svæðisins. Uppdrættir aðalskipulagsins breytast ekki.

Minjastofnun hefur áður veitt umsögn um skipulagslýsingu vegna ofangreinds aðalskipulagsbreytingar dagsett 14. mars 2022.

Fjallað er um fornleifar í greinargerð skipulagsins. Samkvæmt fyrirbyggjandi fornleifaskrá sem gefin var út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006 eru tvær fornleifar skráðar innan skipulagssvæðisins. Fornleifarannsókn sem fram fór árið 2013 leiddi í ljós að aðeins önnur þeirra flokkast sem fornleif skv. 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Starfsmaður Minjastofnunar skoðaði einnig svæðið árið 2013 þar sem engar frekari minjar fundust og ekki var farið fram á uppfærslu fornleifaskráningar sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Innan skipulagssvæðisins er skráð ein fornleif, hleðsla sem talin er vera fjárborg eða stekkur. Staðsetning hennar snertir lóð


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nág. r.
henny@minjastofnun.is

Sunnukrika 7 og hafa útlínur hennar ásamt 15 metra friðhelgunarsvæði verið færðar inn á deiliskipulagsupprátt.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi miðsvæðis 401-M í Mosfellsbæ eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 23.03.2022. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henry Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúinn í Mosfellsbæ (skipulag@mos.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)